

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 8. júlí 1985

um að heimila Hollandi að meta hvort farið er eftir hreinleikastöðlum í II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401 fyrir fræ af stofnum vallarsveifgrass sem nást fram með kynlausri æxlun, einnig á grundvelli niðurstaðna prófana á fræjum og unglöntum

(Aðeins þýski textinn er fullgildur)

(85/370/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

nytjajurta í landbúnaði.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 85/38/EBE ⁽²⁾, einkum 4. mgr. I. viðauka,Staðfest hefur verið að skilyrði um hreinleikastaðla sem mælt er fyrir um í II. viðauka séu örugglega uppfyllt í Hollandi hvað varðar fyrrnefnda stofna *Poa pratensis* með prófunum á fræjum og unglöntum.

með hliðsjón af beiðni Hollands,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Beiting slíkra prófana hvað varðar fræ og unglöntur er einungis réttlætt þegar niðurstöður akurskoðana sem fara fram í samræmi við 6. mgr. I. viðauka reynast ófullnægjandi. Einungis ætti að viðhafa prófanir ef ákveðin lágmarksskilyrði eru uppfyllt.

Í tilskipun 66/401/EBE er kveðið á um að leggja beri til grundvallar niðurstöður tilskilinna akurskoðana þegar verið er að meta hvort farið er eftir hreinleikastöðlum við ræktun fóðurjurtafræja. Að því er varðar *Poa pratensis* af stofnum sem eru opinberlega flokkaðir eftir viðurkenndum aðferðum sem „einklóna stofnar sem fengnir eru með kynlausri æxlun“ má heimila aðildarríki, samkvæmt beiðni, að meta ekki einungis á þessum grundvelli hvort farið er eftir hreinleikastöðlum, ef unnt er að sanna að skilyrði um hreinleikastaðla sem mælt er fyrir um í II. viðauka eru örugglega uppfyllt með prófunum á fræjum eða öðrum viðeigandi aðferðum.

Þess vegna ætti að heimila Hollandi að meta hvort farið er eftir hreinleikastöðlum að því er varðar fyrrnefnda stofna *Poa pratensis* með því að láta fara fram slíkar prófanir á fræjum og unglöntum, auk tilskilinna akurskoðana. Nú sem stendur ætti þessi heimild ekki að gilda um ræktun stofnfræja, þar sem hingað til hafa aðeins verið fá tilvik ófullnægjandi niðurstaðna úr akurskoðunum.Tilteknir stofnar *Poa pratensis* hafa verið flokkaðir opinberlega í aðildarríkjum eftir viðurkenndum aðferðum sem „einklóna stofnar sem fengnir eru með kynlausri æxlun“ og þess vegna má skrá þá í sameiginlega skrá yfir stofna

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt,

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 16, 19. 1. 1985, bls. 41.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

2. gr.

I. gr.

1. Hollandi er hér með veitt heimild, samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. og að því er varðar stofna *Poa pratensis* sem eru skráðir sem „einklóna stofnar sem fengnir eru með kynlausri æxlun“ í sameiginlegri skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði, til að meta ekki einungis á grundvelli niðurstaðna akurskoðana, sem fara fram í samræmi við 6. mgr. I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE, hvort skilyrði um hreinleikastaðla sem sett eru fyrir framleiðslu vottfesta fræja eru uppfyllt.

2. Að því er 1. mgr. varðar gilda eftirtalin skilyrði:

- a) niðurstöður akurskoðana sem fara fram í samræmi við 6. mgr. I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE reynast ófullnægjandi. Að hve miklu leyti þær eru ófullnægjandi skal ákvarðað í samræmi við töfluna í I. viðauka við þessa ákvörðun.
- b) fylgni við hreinleikastaðla sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401 skal tryggð með eftirtöldum prófunum á fræjum og unglöntum:
 - aa) athugun á rannsóknastofu: viðbrögð við fenól eða katekól á a.m.k. 400 fræsýnum og
 - bb) athugun í gróðurhúsi eða vaxtarklefa á a.m.k. 60 unglöntusýnum hvað varðar einkenni sem eru skráð í II. viðauka við þessa ákvörðun.

1. Holland skal tilkynna framkvæmdastjórninni

- a) um aðferðir sem eru notaðar til að nýta heimildina sem er veitt samkvæmt 1. gr.;
- b) fyrir 31. desember ár hvert um magn fræja sem er vottfest árlega á hollensku yfirráðasvæði samkvæmt þessari ákvörðun.

Framkvæmdastjórnin skal láta hin aðildarríkin vita.

2. Í ljósi fenginnar reynslu skal athuga fimmta hvert ár hvort nauðsynlegt er að endurskoða þessa ákvörðun.

3. Heimildin sem er veitt samkvæmt 1. gr. skal afturkölluð að svo miklu leyti sem staðfest er að skilyrði sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. nægja ekki til að tryggja tilskilin gæði fræs eða skilyrðin hafa ekki verið uppfyllt.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til konungsríkisins Hollands.

Gjört í Brussel 8. júlí 1985.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.

I. VIÐAUKI

HÖFNUNARGILDI

Fjöldi sýnatalninga (ferningar af stærðinni 10 m ²)	Stofnhreinleiki er ekki viðurkenndur ef fjöldi jurta sem ekki eru ósviknar miðað við stofn er jafn eða meiri en:
5	44
6	49
7	56
8	64
9	71
10	78

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EINKENNI SEM BER AÐ ATHUGA Í GRÓÐURHÚSI EÐA
VAXTARKLEFA

(ungplöntur með 4 til 8 blöð)

- Blaðslíður:
antósíanlitur
- Blaðslíður:
hár á blaðjaðri
- Blaðslíður:
hár báðum megin rétt fyrir neðan laufblaðið
- Blaðslíður:
hár á slíðurhimnu
- Blaðslíður:
lengd hára á slíðurhimnu
- blaðka:
hártoppur á jaðri blaðfótar
- blaðka:
hár á efri hlið
- blaðka:
hár á neðri hlið